


Könnun á setu nemenda Þjórsárskóla í skólabíl

Könnun var gerð meðal skólabílstjóra við Þjórsárskóla dagana 12.-16. desember 2011. Bílstjórnarnir voru beðnir um að skrá hvenær þeir tóku fyrsta nemandann upp í bílinn á morgnana og hvenær þeir skiluðu nemendum í skólann. Að skóla loknum skráðu bílstjórnarnir hvenær þeir tóku nemendurna upp í bílinn og hvenær síðasti nemandinn fór út úr bílnum. Þetta var gert til þess að varpa ljósi á hversu miklum tíma nemendur verja í skólabíl. Þar sem könnunin stóð aðeins yfir í eina viku er varasamt að draga of miklar ályktanir af henni þó að hún gefi nokkuð skýra mynd af stöðu skólakeyslu við Þjórsárskóla.




Súlurit 1. Ritið sýnir hversu lengi nemendur sitja í skólabíl á morgnana.

Meðfylgjandi súlurit sýna niðurstöður könnunarinnar. Þar má sjá hversu miklum tíma sá sem lengst situr ver í bílnum á hverjum degi og einnig meðaltalið yfir vikuna. Hver skólabílstjóri hefur ákveðinn lit, dökk bláu súlurana tákna Aðalstein, rauðu súlurnar Ara, þær grænu Bjarna, fjólubláu Gest, ljósbláu Ólaf en þær appelsínugulu Valdimar. Fyrra súluritið (Súlurit 1) sýnir setu nemendanna á morgnana. Þar sést að hver nemandi situr að meðaltali í 32 mínútur á leið í skólann. Sá sem situr lengst situr í 47 mínútur en sá sem situr styst situr í 15 mínútur. Á seinna súluritinu (Súlurit 2) má sjá hversu lengi nemendur sitja í skólabíl á leið heim úr skólanum. Þar sést að hver nemandi situr að meðaltali í 29 mínútur á leið heim. Sá sem situr lengst situr í 47 mínútur en sá sem situr styst situr í 10 mínútur. Athygli er vakin á því að sumir

nemendur eru í skólavistun eftir skóla og eru því ekki í skólabílnum. Þetta skekkir myndina örlítið ef svo vill til að þeir nemendur sem eru fyrstir upp í bílinn á morgnana og ættu því að vera síðastir út á daginn eru ekki í bílnum. Þetta útskýrir af hverju sumir bílanna keyra styttra eftir skóla.

Af ofangreindum niðurstöðum má sjá að enginn nemenda Þjósárskóla situr lengur en 47 mínútur í skólabíl í einu. Þetta samræmist vel þeim verklagsreglum sem skólanefndin hefur sett skólanum um skólaakstur þar sem viðmiðið var ein klukkustund.



Súlurit 2. Ritið sýnir hversu lengi nemendur sitja í skólabíl á leið heim úr skólanum.

Þess má geta að nemendur úr Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem sækja skóla í Hrunamannahreppi sitja að meðaltali í 45 mínútur á leið í skólann en 42 mínútur á leiðinni heim. Þetta eru um 15 mínútum lengur en nemendur sem sækja Þjósárskóla.